

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 19

3. árgangur

2.5.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

96/EES/19/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.741 - Ford/Mazda).....	01
96/EES/19/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.742 - Toro Assicurazioni/Nuova Tirrena).....	02
96/EES/19/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.748 - CGEA/NSC).....	02
96/EES/19/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.675 - Alumix/Alcoa).....	03
96/EES/19/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.699 - Tomkins/Gates).....	03
96/EES/19/06	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	04
96/EES/19/07	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	04

96/EES/19/08	Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 (Mál nr. IV/33.815, 35.842 - EUDIM).....	07
96/EES/19/09	Auglýsing um niðurfellingu á ákveðnum ráðstöfunum gegn undirboðum.....	07
96/EES/19/10	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar frá 34. fundi hennar þann 6. nóvember 1995 um bráðabirgðadrög að ákvörðun í tengslum við mál nr. IV/M.603 - Crown Cork & Seal/ CarnaudMetalbox.....	07
96/EES/19/11	Orðsending frá grískum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.....	08
96/EES/19/12	Orðsending frá hollenskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.....	08
96/EES/19/13	Starfsaðferð framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins við að ákvarða markgildi kemískra efna sem starfsfólk getur orðið fyrir áhrifum af á vinnustöðum.....	08
96/EES/19/14	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	09
96/EES/19/15	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	09
96/EES/19/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 - Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands.....	09
96/EES/19/17	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 11. 3. til 5. 4. 1996.....	10
96/EES/19/18	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	11
3. Dómstóllinn		
96/EES/19/19	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	13
96/EES/19/20	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	14

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.741 - Ford/Mazda)

96/EES/19/01

1. Framkvæmdastjórnninni barst 17. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Ford Motor Company öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Mazda Motor Corporation með stjórnunarsamningi.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ford Motor Company: Bandarískt fyrirtæki sem annast framleiðslu, dreifingu og leigu á vélknúnum ökutækjum og veitir fjármálaþjónustu í tengslum við kaup á þeim,
 - Mazda Motor Corporation: Japanskt fyrirtæki sem annast framleiðslu og dreifingu á vélknúnum ökutækjum og veitir fjármálaþjónustu í tengslum við kaup á þeim.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórnninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 121, 25. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.741 - Ford/Mazda, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.742 - Toro Assicurazioni/Nuova Tirrena)**

96/EES/19/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Toro Assicurazioni S.p.A, sem tilheyrir Fiat-samstæðunni, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir fyrirtækinu Nuova Tirrena S.p.A með kaupum á 91% hlutabréfa þess.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Toro Assicurazioni: Líf- og skaðatryggingar,
 - Nuova Tirrena: Líf- og skaðatryggingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 121, 25. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.742 - Toro Assicurazioni/Nuova Tirrena, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið fyrirfram
(Mál nr. IV/M.748 - CGEA/NSC)**

96/EES/19/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 12. 4. 1996 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Compagnie Générale d'Entreprises Automobiles (CGEA), sem er undir yfirráðum Compagnie Générale des Eaux (CGE), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Network South Central Limited (NSC).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CGEA: Flutningsþjónusta á vegum og járnbrautum, leiga á flutningabílum, viðhalds- og hreinsunarþjónusta,
 - NSC: Þjónusta í tengslum við farþegaflutninga á járnbrautum í Breska konungsríkinu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 116, 20. 4. 1996. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.748 - CGEA/NSC, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B-Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.675 - Alumix/Alcoa)**

96/EES/19/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 12. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírformi á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafrænu formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 395M0675. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP OP/4
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 49928 / +352 42563, Bréfasími: +352 407877

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.699 - Tomkins/Gates)**

96/EES/19/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 3. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírformi á skrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í rafrænu formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0699. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP OP/4
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 49928 / +352 42563, Bréfasími: +352 407877

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt**96/EES/19/06**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. nóvember 1995 þar sem því er lýst yfir að samfylking samrýmist sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (Mál nr. IV/M.603 - Crown Cork & Seal/CarnaudMetalbox) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 75, 23. 3. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 1995 um aðstoð austurrískra stjórnvalda við fyrirtækið Alpine Erzberg Gesellschaft mbH (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 94, 16. 4. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. febrúar 1996 um breytingu á ákvörðun 92/532/EBE um sýnatökuáætlanir og aðferðir við greiningu og staðfestingu á tilteknum fisksjúkdómum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 79, 29. 3. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 8. mars 1996 um aðra breytingu á ákvörðun 93/74/EBE um viðurkenningu Danmerkur með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríu-blóðeitrunar (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 72, 21. 3. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. apríl 1996 um breytingu á ákvörðun 95/124/EB um gerð skrár yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Þýskalandi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 91, 12. 4. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. apríl 1996 um breytingu á ákvörðun 95/357/EB um gerð skrár yfir skoðunarstöðvar á landmærum sem eru viðurkenndar hvað varðar eftirlit dýralæknis með afurðum og dýrum frá þriðju löndum, nákvæmar reglur varðandi eftirlit sérfræðinga bandalagsins í dýralækningum og um niðurfellingu á ákvörðun 94/24/EB (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 91, 12. 4. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. apríl 1996 um viðurkenningu á því að málgögnin sem lögð voru fram til ítarlegra rannsókna, í því skyni að fella kresoxímetyl inn í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna, séu í grundvallaratriðum fullnægjandi (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 91, 12. 4. 1996)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar frá 96/20/EB frá 27. mars 1996 um aðlögun að tækni framförum á tilskipun ráðsins 70/1657/EBE um leyfileg hávaðamörk og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 92, 13. 4. 1996)

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 96/EES/19/07
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á aðstoðaráætlun spænskra stjórnvalda, með áorðnum breytingum, um fjárframlög og fjármögnun í tengslum við skipasmíðar árið 1995, ríkisaðstoð nr. N 732/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að mótmæla ekki 16 ítölskum áætlunum um aðstoð vegna lokunar fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 774, 775, 776, 778, 779, 781, 782, 783, 784, 785, 786, 787, 788, 789, 792, 795/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aukningu á fjárframlögum Hollands til skipasmíða árið 1995, ríkisaðstoð nr. N 936/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að mótmæla ekki 4 ítölskum áætlunum um aðstoð vegna lokunar fyrirtækjanna Acciaieria Ferrero, OLMA, OMV og Ferriera Pontechiese, ríkisaðstoð nr. N 908, 909, 910, 911/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð sem ber yfirskriftina „Ábyrgðir sem veittar eru vegna kvikmyndagerðar“ í Brandenburg, ríkisaðstoð nr. N 944/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun um að fjármagna kynningu á fisk- og fiskeldisafurðum, ríkisaðstoð nr. N 947/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska aðstoðaráætlun um innlendar ráðstafanir í tengslum við frumkvæði bandalagsins „Pesca“, ríkisaðstoð nr. N 1024/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð við uppbyggingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja og við rannsóknar- og þróunarstarfsemi fyrirtækja í Bonn, ríkisaðstoð nr. N 852/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska áætlun um aðstoð vegna uppbyggingar svæða sem falla undir málavíð 5(b) í Toscana, ríkisaðstoð nr. N 39/96 sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 85, 22. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki þýsku þróunarverkefni í Kína í tengslum við afgreiðslu á þremur flutningaskipum til Tianjin Marine Shipping Company í Kína, sbr. 7. mgr. 4. gr. sjöundu tilskipunar um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 842/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki þróunaraðstoð Þýskalands við Lýðveldið Indónesíu sem felst í kaupum á farþegaskipi fyrir PT Pelayaran Nasional Indonesia (PT.PELNI), sbr. 7. mgr. 4. gr. sjöundu tilskipunar um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 883/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki hollenskri þróunaraðstoð í Kosta Ríku sem felst í afhendingu á dráttarbáti til Costa Rica Institute for the Ports of the Pacific (INCOP), sbr. 7. mgr. 4. gr. sjöundu tilskipunar um aðstoð til skipasmíða, ríkisaðstoð nr. N 883/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoð vegna lokunar skipasmíðastöðvarinnar Boelwerf, ríkisaðstoð nr. N 959/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun um að bæta uppbyggingu fiskveiðinaðarins í Breska konungsríkinu, ríkisaðstoð nr. N 171/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska áætlun um aðstoð við að taka fiskveiðiskip varanlega úr rekstri, ríkisaðstoð nr. N 172/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun sem miðar að endurbótum á fiskveiðiskipum, ríkisaðstoð nr. N 173/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð við svæðauppbyggingu og í tengslum við arðvænar fjárfestingar með það að markmiði að innleiða nýttækni í lítill og meðalstór fyrirtæki, ríkisaðstoð nr. N 772/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að andmæla ekki tillögu spænskra yfirvalda um að veita svæðisbundna aðstoð við Ford España S.A. til stuðnings fjárfestingarverkefni sem miðar að auknum afköstum í Almusafes (Valensíu), ríkisaðstoð nr. N 538/93 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 94, 30. 3. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um svæðisbundna aðstoð í þágu Volkswagen AG (Neðra-Saxlandi og Hessen), ríkisaðstoð nr. N 405/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun vegna uppbyggingar og vottunar á gæðaeftirlitskerfum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum í nýju ríkjunum, ríkisaðstoð nr. N 845/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsóknar- og þróunaraðstoð til að hvetja til rannsókna á sviði framtíðartækni í Saxlandi, ríkisaðstoð nr. N 638/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun sem gerir eignarhaldsfélaginu Mittelständische Beteiligungsgesellschaft Sachsen-Anhalt mbH kleift að veita litlum og meðastórum fyrirtækjum lán á lágum vöxtum, ríkisaðstoð nr. N 538/93 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsóknar- og þróunaraðstoð undir yfirskriftinni „Nýjunga- og samskiptatækni“ í Thüringen, ríkisaðstoð nr. N 769/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska rannsóknar- og þróunaraðstoð á sviði hafrannsóknar, ríkisaðstoð nr. N 841/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsóknar- og þróunaraðstoð, jafnframt fjárfestingaraðstoð, sem ber yfirskriftina „Risikokapital für junge technologieorientierte Unternehmen í Bæjaralandi, ríkisaðstoð nr. N 770/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun í Mursú sem miðar að því að auka atvinnu og starfsþjálfun í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. N 420/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að mótmæla ekki níu ítölskum áætlunum um aðstoð vegna lokunar fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. 937, 938, 970, 971, 973, 973, 974, 975, 976/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoð á sviði umhverfismála við stálfyrirtækið Sidmar, Gent, ríkisaðstoð nr. N 999/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsóknar- og þróunaraðstoð undir yfirskriftinni „Technologieprogramm Wirtschaft“ í Nordrhein-Westfalen“, ríkisaðstoð nr. N 915/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð sem miðar að aukinni atvinnu og fjárfestingum í litlum fyrirtækjum á Baleareyjum, ríkisaðstoð nr. N 479/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt frönsku rannsóknar- og þróunaraðstoðina „Eureka EU 260 - Labimap 2001“, ríkisaðstoð nr. NN 134/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um aðstoð sem Breska konungsríkið lagði fram í tengslum við sérstakrar skattaráðstafanir fyrir skipaeigendur, þar sem tímabilið fyrir skattalækkningar vegna endurfjármögnunar á afleysingaskipum framlengist úr einu ári í sex, ríkisaðstoð nr. N 610/94 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska svæðisbundna aðstoð við fyrirtækið „Ford Electrónica Portuguesa Ltd.“, ríkisaðstoð nr. N 1046/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænsku aðstoðaráætlunina „Subvenciones para la realización de proyectos de innovación tecnológica“, ríkisaðstoð nr. N 725/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um aðstoð sem miðar að því að bæta uppbyggingu fiskiðnaðarins í Katalóníu, ríkisaðstoð nr. N 803/95 (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska aðstoðaráætlun um að koma á fót útflutningslánaþjóði sem á að tryggja samkeppnishæfni dansks útflutningsiðnaðar á erlendum mörkuðum með því að veita tryggingar vegna sérstakar útflutningsáættu, ríkisaðstoð nr. N 856/95 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um aðstoð vegna byggðapróunar í Valensíu, ríkisaðstoð nr. N 97/96 (sjá nánari útlistun í Stjútíð. EB nr. C 102, 4. 4. 1996).

Auglýsing samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17⁽¹⁾ 96/EES/19/08 (Mál nr. IV/33.815, 35.842 - EUDIM)

Í febrúar 1991 barst framkvæmdastjórninni kæra frá Van Marcke NV, belgískum aðila sem annast dreifingu á hreinlætistækjum, á hendur tíu aðilum að EUDIM-samstæðunni (European United Distributors of Installation Materials). Samkvæmt Van Marcke, sem er fyrrum aðili að EUDIM, brutu aðilar að EUDIM-samstæðunni gegn ákvæðum 1. mgr. 85. gr. EBE-sáttmálans, einkum með því að takmarka fjölda aðila við einn frá hverju landi, með því að gera með sér óformlega samninga um markaðsskiptingu og skiptast á leynilegum viðskiptaupplýsingum, svo sem í tengslum við verð.

Í kjölfar munnlegra og skriflegra samninga við framkvæmdastjórnina, samþykkti EUDIM að breyta fyrirkomulagi sínu til þess að koma til móts við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórninni barst 28. nóvember formleg tilkynning um breytta samninga.

Framkvæmdastjórnin hefur í hyggju að taka jákvæða afstöðu gagnvart hinum breyttu samningum. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri, innan eins mánaðar eftir birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB nr. C 111, 17. 4. 1996, með tilvísun til máls nr. IV/33.815, 35.842 - EUDIM:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate IV/F
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Auglýsing um niðurfellingu á ákveðnum ráðstöfunum gegn 96/EES/19/09 undirboðum

Framkvæmdastjórnin birti auglýsingu í Stjútíð. EB nr. C 90, 27. 3. 1996 um niðurfellingu tiltekinna ráðstafana þann 30. 9. 1996, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3283/94⁽²⁾, nema fram fari endurskoðun í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í auglýsingunni.

Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar frá 34. fundi 96/EES/19/10 hennar þann 6. nóvember 1995 um bráðabirgðadrög að ákvörðun í tengslum við mál nr. IV/M.603 - Crown Cork & Seal/CarnaudMetalbox

Framkvæmdastjórnin birti álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingar frá 34. fundi hennar þann 6. nóvember 1995 um bráðabirgðadrög að ákvörðun í tengslum við mál nr. IV/M.603 - Crown Cork & Seal/CarnaudMetalbox í Stjútíð. EB nr. C 86, 23. 3. 1996. Ráðgjafarnefndin er sammála framkvæmdastjórninni um að þessi aðgerð myndi samfylkingu í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og telur að fyrirhuguð samfylking samrýmist sameiginlega markaðinum og framkvæmd EES-samningsins (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjútíð. EB).

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. L 349, 31.12.1994, bls. 1.

**Orðsending frá grískum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun 96/EES/19/11
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna
kolvatnsefni⁽¹⁾**

Gríska ríkisrekna olúfélagið Public Petroleum Corporation, Exploration and Exploitation of Hydrocarbons, SA (DEP-EKY) býður félögum með tilskilin réttindi að senda inn tilboð í tengslum við leit og vinnslu á olú og gasi á sex sérleyfissvæðum sem ná yfir u.þ.b. 16 000 km² af grunnsævi í Jónahafi ásamt aðliggjandi landsvæði í vesturhluta Grikklands (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 84 frá 21.3.1996).

Tilboðin skulu send til DEP-EKY eigi síðar en 31. maí 1996 og er heimilisfangið:

Department of Business Development & Planning
199 Kifissias Avenue
GR-151 24 Marousi
Athens, Greece
Sími: (30 1) 80 69 301/80 95 173/80 95 126
Bréfasími: (30 1) 80 69 317/80 95 288

**Orðsending frá hollenskum stjórnvöldum samkvæmt tilskipun 96/EES/19/12
Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾**

Tilmæli um umsóknir fyrir leit á jarðolíu og gasi á undirsvæði P 9d

Í samræmi við b-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni⁽¹⁾, auglýsir efnahagsmálaráðherra eftir umsóknum um leyfi fyrir leit á jarðolíu og gasi á undirsvæði P 9d

Umsóknir skulu sendar innan 13 vikna frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB nr. C 106, 12. 4. 1996, á eftirfarandi heimilisfang:

Minister van Economische Zaken
Bezuidenhoutseweg 6
NL 2594 AV 's-Gravenhage

**Starfsaðferð framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins við að 96/EES/19/13
ákvarða markgildi kemískra efna sem starfsfólk getur orðið fyrir
áhrifum af á vinnustöðum**

Framkvæmdastjórn gefur einkaaðilum, fyrirtækjum og samtökum kost á að senda inn upplýsingar um eiturefni, atvinnusjúkdóma o.fl. í því augnamiði að ákvarða markgildi kemískra efna sem starfsfólk getur orðið fyrir áhrifum af á vinnustöðum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 94 frá 30. 3. 1996).

Senda skal upplýsingarnar fyrir 31. júlí 1996 á eftirfarandi heimilisfang:

Head of Unit
Ref.: Occupational Limit Values
Occupational Health and Hygiene Unit
DGV/F5
Jean Monnet Building
Rue Alcide de Gaspari
L-2920 Luxembourg

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 164, 30.6.1994, bls. 3.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 96/EES/19/14
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk yfirvöld ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á eftirfarandi flugleiðum:

- Montpellier-Bordeaux
- Montpellier-Lyon (Satolas)
- Montpellier-Nantes
- Montpellier-Nice
- Montpellier-Strasbourg

(sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 123, 26. 4. 1996).

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 96/EES/19/15
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Parísar (Orly) og Agen í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 123, 26. 4. 1996).

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 96/EES/19/16
1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92

Kveðið á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi innan Frakklands

Frönsk yfirvöld hafa ákveðið að kveða á um skyldu til að veita opinbera þjónustu í áætlunarflugi á flugleiðum milli Périgueux (Bassillac) og Parísar (Orly) í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 123, 26. 4. 1996).

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 11. 3. til 5. 4. 1996

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu-fjöldi
COM(96) 100	CB-CO-96-108-EN-C ⁽¹⁾	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með sameiginlegu fiskveiðistefnunni	18.3.1996	19.3.1996	128
COM(96) 108	CB-CO-96-116-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um leiðbeiningar er varða samevrópska fjarskiptanetið	20.3.1996	20.3.1996	42
COM(96) 121	CB-CO-96-131-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samtengingu fjarskiptaneta til að tryggja alheimsþjónustu og rekstrarsamhæfni á grundvelli meginreglnanna um frjálsan aðgang að netum (ONP)	20.3.1996	20.3.1996	25
COM(96) 109	CB-CO-96-117-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um þróunaraðstoð og atvinnumál	20.3.1996	22.3.1996	48
COM(96) 91	CB-CO-96-096-EN-C	Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt ákvörðun ráðsins 93/389/EBE um annað mat á innlendum áætlunum með hliðsjón af tilhögun eftirlits með koltvísyringsmengun innan bandalagsins og annarri gasmengun sem stuðlar að gróðurhúsaáhrifum - Árangur af þeirri starfsemi sem miðar að því að koma í veg fyrir frekari koltvísyringsmengun	14.3.1996	14.3.1996	47
COM(96) 115	CB-CO-96-124-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun ráðsins um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum	25.3.1996	25.3.1996	4
COM(96) 120	CB-CO-96-130-EN-C	Drög að ályktun ráðsins um margmiðlunarhugbúnað á sviði menntunar og starfsþjálfunar	26.3.1996	26.3.1996	11
COM(96) 114	CB-CO-96-127-EN-C	Framfaraskýrsla fyrir árið 1995 um samræmingu á lögum bandalagsins um fjarskiptanotendabúnað, þar með talin gagnkvæm viðurkenning á meðfylgjandi samræmismati hvað varðar gervihnattalandstöðvarbúnað	27.3.1996	28.3.1996	51
COM(96) 117	CB-CO-96-128-EN-C	Breytt tillaga að reglugerð ráðsins um tiltekna verndar- og eftirlitsráðstafanir með tilliti til fiskveiða á Antarktiksvæðinu	28.3.1996	28.3.1996	31
COM(95) 640	CB-CO-95-730-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins 90/219/EBE um einangraða notkun erfðabreyttra örvera	6.12.1995	28.3.1996	52
COM(96) 130	CB-CO-96-137-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins, Evrópuþingsins og efnahags- og félagsmálanefndarinnar um lokamat á lykilaætluninni um nýjungar og tæknimiðlun (1989 - 1994) (Sprintáætlunin)	1.4.1996	2.4.1996	95

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**96/EES/19/18**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0065-E	Ráðherrafrýrmæli um að koma á mælifræðilegu eftirliti ríkisins með síritandi hitamælum til að mæla hitastig djúpfrystra vara í flutningi	5.6.1996
96-0066-E	Drög að konungstilskipun um viðurkenningu á „Leiðbeiningum um hönnun og framleiðslu á gólfhellum úr styrktri eða forspenntri steinsteypu (EF-96)“	5.6.1996
96-0067-E	Konungstilskipun um viðurkenningu á tæknilegri heilbrigðisreglugerð um framleiðslu, dreifingu og sölu á rjómaís og þökkuðum blöndum til frystingar	5.6.1996
96-0068-E	Tækniforskriftir fyrir radióbúnað fyrir áhugamenn	5.6.1996
96-0069-E	Drög að ráðherrafrýrmælum um uppfærslu á viðaukanum um „Tilvísun til UNE-staðla“ í viðaukanum við konungstilskipun 1572/1990 frá 30. nóvember um viðurkenningu á grunnbyggingarstaðlinum NBE QB-90 „Þakgerð með jarðbiksefnum“	5.6.1996
96-0070-S	Hávaði frá kyrrstæðum ökutækjum	28.6.1996
96-0071-NL	Drög að reglugerð um strútfugla, 1996	5.6.1996
96-0072-UK	Árleg uppfærsla á mchw, hefti 1-4, framkvæmdastaðlar sd 6/95, og þriðja breyting (1995) á forskrift fyrir hraðbrautagerð; leiðbeiningar um forskriftir í tengslum við hraðbrautavinnu og hraðbrautagerð (ep ref: 012/95/eb)	12.6.1996
96-0073-NL	Tímabundin áætlun um styrki vegna hönnunar endingargóðra bygginga	⁽³⁾
96-0074-UK	Reglugerðir um umferðamerki (þriðja breyting) (Norður-Írland) 1996	10.6.1996
96-0075-DK	Tækniforskrift fyrir hafnsögubáta	12.6.1996
96-0077-P	Hámarks magn varnarefnaleifa (illgresiseyðis) í vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum	Útrunnið
96-0078-FIN	Reglugerð um gerðarviðurkenningarkröfur fyrir leyfisbundinn fjarskiptabúnað sem er notaður í landfarstöðvarnetinu	24.6.1996
96-0079-S	Ákvæði um almennt flug og flugvelli, BCL-F 3.7 - Rekstur viðurkenndra flugvalla, mælifræðilegur búnaður	28.6.1996
96-0080-GR	Tækniforskrift um niðurfellingu á ákvörðun nr. 625/93 frá Hinu háa ráði um kemísk efni. Viðbót við 3. og 4. gr. í ákvörðun nr. 1233/91 og 172/92 frá Hinu háa ráði um kemísk efni	14.6.1996

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

⁽⁵⁾ Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
96-0081-A	Frjáls samningur milli mismunandi markaðsgeira bílleiðnaðarins um endurvinnslu á notuðum einkabílum og skutbílum, á vegum austurríska verslunarráðsins, efnahagsmálaráðuneytisins og umhverfismálaráðuneytisins	17.6.1996
96-0082-F	Reglugerðir um númer og heimilisföng fyrir notendabúnað	17.6.1996
96-0083-I	Reglugerð um notkun sterkuensíma og betaglúkona við ölgerð	17.6.1996
96-0084-P	Hámarks magn varnarefnaleifa (illgresiseyðis) í kornvörum	24.6.1996
96-0085-P	Hámarks magn varnarefnaleifa (illgresiseyðis) í vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum	24.6.1996
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

96/EES/19/19

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 18. janúar 1996 í máli C-446/93 (beiðni um forúrskurð frá Tribunal Tributário de Segunda Instância): SEIM gegn Subdirector-Geral das Alfândegas (endurgreiðsla eða eftirgjöf á innflutningsgjöldum).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 1. febrúar 1996 í máli C-177/94 (beiðni um forúrskurð frá Pretura Circondariale, Róm, Sezione Distaccata di Frascati): Sakamál á hendur Gianfranco Perfili (staðfesturéttur - réttur til að veita þjónustu - dómsmál - mismunur).

Dómur dómstólsins (þriðja deild) frá 8. febrúar 1996 í máli C-202/94 (beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof 's-Hertogenbosch): Sakamál á hendur Godefridus van der Feesten (tilskipun ráðsins 79/409/EBE um verndun villtra fugla - gildissvið - verndaðar tegundir - beiting tilskipunarinnar gagnvart undirteigundum sem finnast ekki villtar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í Evrópu).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 1. febrúar 1996 í máli C-280/94: (beiðni um forúrskurð frá Centrale Raad van Beroep): Y.M. Posthuma-van Damme gegn Bestuur van de Bedrijfsvereniging voor Detailhandel, Ambachten en Huisvrouwen, og N. Oztürk gegn Bestuur van de Nieuwe Algemene Bedrijfsvereniging (jafnrétti kynjanna - almannatryggingar - tilskipun 79/7/EBE - túlkun dóms frá 24. febrúar 1994 í máli C-343/92 De Weerd, fæddur Roks, o.fl.

Mál C-30/96 P: Áfrýjað var þann 3. febrúar 1996 af Giovanni Battista Abello o.fl. og Gerhard Riesch dómi uppkveðnum þann 7. desember 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fjórða deild) í sameinuðum málum T-544/93 og T-566/93 milli Giovanni Battista Abello o.fl. og Gerhard Riesch og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, með stuðningi ráðs Evrópusambandsins.

Mál C-41/96: Beiðni um forúrskurð frá Landgericht Hamburg samkvæmt fyrirbættum þess dómstóls frá 4. október 1996 í máli V.A.G. Händlerbeirat e.V. gegn SYD-Consult.

Mál C-42/96: Beiðni um forúrskurð frá Tribunale Civile e Penale di Venezia samkvæmt fyrirbættum þess dómstóls frá 2. febrúar 1996 í máli Immobiliare S.I.F. SpA gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato.

Mál C-46/96: Mál höfðað þann 15. febrúar 1996 af Sambandslýðveldinu Þýskalandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-48/96 P: Áfrýjað var þann 19. febrúar 1996 af Windpark Groothusen GmbH & Co. Betriebs KG úrskurði uppkveðnum þann 13. desember 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) í máli T-109/94 milli Windpark Groothusen GmbH & Co. Betriebs KG og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-49/96 P: Áfrýjað var þann 20. febrúar 1996 af Nicolaos Progoulis dómi uppkveðnum þann 15. desember 1995 af dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi (fimmta deild) í máli T-131/95 milli Nicolaos Progoulis og framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna.

Mál C-54/96: Beiðni um forúrskurð frá Vergabeüberwachungsausschuß des Bundes (nefnd sem hefur eftirlit með opinberum innkaupum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi), fyrstu deild, frá 5. febrúar 1996 í stjórnarsýslumáli á sviði opinberra innkaupa milli Dorsch Consult Ingenieurgesellschaft mbH, stefnandi, og Bundesbaugesellschaft Berlin mbH, samningsyfirvald.

Mál C-58/96: Mál höfðað þann 26. febrúar 1996 af Konungsríkinu Belgíu gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-390/93 tekið af málaskrá: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Spáni.

⁽¹⁾ Sjá Stjttö. EB nr. C 108, 13.4. 1996.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 96/EES/19/20

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi (fyrsta deild) frá 15. febrúar 1996 í máli T-5/95: Amicale des Résidents du Square d'Auvergne gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (samkeppni - beiðni um ógildingu - sakamál vegna aðgerðarleysis - skaðabótakrafa - krafa um útgáfu tilmæla til framkvæmdastjórnarinnar - mál dómtækt - ekki ástæða til að úrskurða).

Mál höfðað þann af forseta dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi þann 27. febrúar 1996 í máli T-235/95 R: Anthony Goldstein gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-13/96: Mál höfðað þann 26. janúar 1996 af TEAM S.r.l. og Centralne Biuro Projektowo-Badawcze Budownictwa Kolejowego (CBBBK KOLPROJEKT) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-16/96: Mál höfðað þann 1. febrúar 1996 af Cityflyer Express Limited gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-444/93 tekið af málaskrá: Stichting Bedrijfspensioenfonds voor het Glazenwassers- en Schoonmaakbedrijf (Fondation Bedrijfspensioenfonds du Secteur des Entreprises de Lavage de Vitres et de Nettoyage) gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-355/94 tekið af málaskrá: Norsk Hydro A/S gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-83/95 tekið af málaskrá: Associação dos Refinadores de Açúcar Portugueses (ARAP), Alcantara Refiniarias - Açúcares S.A. og RAR Refinarias de Açúcar Reunidas S.A. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-107/95 tekið af málaskrá: Benjamin Laurence Lay gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-108/95 tekið af málaskrá: Donald George Gage og David John Gage gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-182/95 tekið af málaskrá: Camping Qualité France gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

(1) Sjá Stjtið. EB nr. C 108, 13.4. 1996.